

139
30. nóv.

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Laxárdalshrepp og kaptúnið Búðardal í Dalasýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirrituð

Heilbrigðissamþykkt

fyrir Laxárdalshrepp og kaptúnið Búðardal í Dalasýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Laxárdalshrepp og verzlunarstaðinn Búðardal.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar; auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefndin kýs til þriggja ára, og annar, er sýslu-nefndin tilnefnir af íbúum verzlunarstaðarins til jafn langs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða héraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári, í aprilmánuði og septembermánuði. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi bréfaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt.

Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til sýslumannsins.

Héraðslæknir á heimting á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hefir hann atkvæðisrétt sé hann ekki nefndarmaður.

Andvirði bóka og ritfanga, svo og kostnað er hlýzt af bréfaskriftum, skal greiða úr sveitarsjóði eftir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin se haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Heimilt er nefndinni að rannsaka eða

láta rannsaka alt það, er ræðir um í samþykkt þessari, sem og alt það, er mikla þýðingu kann að hafa fyrir heilbrigði manna, hvort sem er á almannafæri eða 30. nóv. einstakra manna eign. **139**

Nefndin getur skoðað eða látið skoða hús og lóðir á samþyktarsvæðinu þegar hún álitur þess þörf.

Ef nokkur einn skoðunarmaður, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal bókfæra alt, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt samþykkt þessari, og skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni ef um brot á samþyktinni er að ræða.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þá þrífnaðarbót, eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sér útgjöld úr sveitarsjóði, þá skal hún leggja málið fyrir hreppsnefndina og fara fram á að fé sé veitt til þessa. Nú neitar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefndinni heimilt að skjóta málinu til sýslunefndarinnar, er leggur fullnaðarúrskurð á málið.

II. Um íbúðarhús.

6. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gjörð, að unt sé að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, nema önnur loftræsing sé viðhöfð, og trégólf í öllum íbúðarherbergjum.

Heilbrigðisnefndin getur heimtað af leigjanda eða eiganda húss, að ræstuð séu herbergi, séu þau svo óhrein, að nefndin álitir húsþúum hættu búna.

7. gr.

Nú er íbúðarhús svo illa gjört, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur heilsu manna hættu búna af íbúðinni, og getur nefndin þá bannað íbúðina. Skal þá nefndin tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir, og skal þá fólkið fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, verði húsið eigi bætt á þeim tíma svo að nefndinni þyki viðunandi. Þó er húseiganda frjálst innan 8 daga að skjóta úrskurði neindarinnar til sýslumanns, en hann leitar álits héraðslæknis og leggur úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

8. gr.

Kjallara undir íbúðarhúsum skal verja því að vatn standi í þeim.

139
30. nóv.

III. Um skóla.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á vetri eftir því sem henni þykir þurfa.

Hver sá, er tekur til kenslu 5 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætli að kenna.

Hver kenslustofa skal vera svo stór, að 2.47 rúmstíkur að minsta kosti komi á hvert barn. Gólf í kenslustofum skal þvo á hverjum degi, en aldrei sópa.

10. gr.

Verði heilbrigðisnefnd vör við, að nemendur eða kennari hafi einhvern næman sjúkdóm, skal hún tilkynna það héraðslækni, og tilgreina nöfn og heimili þeirra, er sjúkir eru. Hafi kennari eða nemandi berklaveiki, og lækni álitur, að um sóttnæmishættu sé að ræða, getur heilbrigðisnefnd bannað, að nemendur eða kennarinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan er af staðin að dómi læknis.

Um aðra næma sjúkdóma fer eftir álitum héraðslæknis í hverju einstöku tilfelli.

IV. Um verzlunarbúðir o. fl.

11. gr.

Verzlunarbúðir, fundarhús og hús, sem notuð eru til skemtana, skulu þvegin hátt og lágt, að minsta kosti einu sinni á ári, og gólf í fundarhúsum og skemti húsum á hverjum morgni, ef þau eiga að notast að deginum.

Í verzlunarbúðum, skólum og öllum þeim húsum, sem notuð eru til opinberra mannfunda, skulu vera nægilega margir hrákadallar, og skulu þeir vandlega hreinsaðir á hverjum morgni.

Í skólastofum og fundarhúsum skal loftræsing vera svo sem heilbrigðisnefnd ákveður.

V. Um fráræslu.

12. gr.

Eldhússkólp og þvottaskólp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sé á að það saurgi jarðveginn undir þeim. Skal veita öllu skólpi í opnum eða lokuðum ræsum burt frá húsi svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna

eign, skulu vera svo við og hallajöfn, að hvergi komi pollar eða vilpur, og hvergi flói út úr þeim, og skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim. **139**
30. nóv.

Telji heilbrigðisnefnd nauðsynlegt að vatnsheldur botn sé gjörður í ræsi, getur hún heimtað slíka aðgerð.

Undantekning frá ræsagerðinni má heilbrigðisnefnd gjöra, ef viðkomendur heldur kjósa að bera skólp svo langt burtu, að heilbrigðisnefnd telji hættulaust.

VI. Um vatnsból.

13. gr.

Öll vatnsból skal verja hvers konar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rensli úr skolpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau fara eða nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull né neitt það annað, er óhreinkar vatnið, eins fyrir því þótt um straumvatn sé að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

14. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að millið sé 10 stikur eða meira eftir því sem heilbrigðisnefnd ákveður.

Nú vill einhver gjöra brunn eða breyta gömlum brunni, og skal hann þá tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal ákveða þá er grefti eða borun er lokið, hvort vatnið er nýtilegt, og hafa gát á því, að brunnur sé gjörður sem hér segir:

Sé brunnur boraður og járnleggir settir niður, skal gæta þess, að samskeytin milli leggjanna séu vatnsheld.

Sé brunnur grafinn, skal hlaða hann innan úr hörðum steini og líma stein við stein með steinlími. Í stað slíkrar hleðslu má nefndin leyfa að hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal láta einhverskonar límkendan leir, og skal það lag vera að minsta kosti hálf stíka á þykt. Hleðsla skal ná hálfu stíku upp úr jörðu, og út frá brunni skal steypa steinkraga að minsta kosti 1 stíku á breidd, er halli út frá brunnopinu. Yfir brunnopinu skal vera vatnsheldur hlemmur; skal vatnið tekið upp með dælu, er gangi gegnum miðjan hlemminn, en upp með dælunni skal ganga strompur með hatti yfir, svo loft komist að vatninu.

Þar sem strjálbyggt er og engin óhreinindi í nánd, má heilbrigðisnefndin leyfa að brunnar séu gjörðir úr grjóti án steinlíms og vatnið dregið upp í fötu. Utanum opna brunna skulu jafnan vera grindur, er séu að minsta kosti ein stíka á hæð.

15. gr.

Heilbrigðisnefndin getur bannað að taka vatn úr brunni eða öðru vatnsbóli um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilmæmt. Ef læknisrannsókn leiðir það í ljós, að vatnið sé skaðvænt, þá skal heilbrigðisnefndin skipa eiganda að fylla vatnsbólið svo, að engu vatni verði náð úr því.

VII. Um peningshús, hauga og forir.

16. gr.

Stórgripi eða sauðfénað má ekki hafa í íbúðarhúsum manna.

17. gr.

Vilji einhver reisa peningshús, eða gjöra forir, haugstæði eða haugshús, skal hann gjöra heilbrigðisnefndinni aðvart áður en hann byrjar verkið, og skal hún gæta þess, að haldin séu fyrirmæli þau, er hér fara á eftir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 10 stikum, og ætíð á lægri stað en vatnsbólið, ef hvorttveggja er í beinni línu undan halla.

Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi né alfaravegi en nemi 7 stikum. For má ekki gjöra og ekki hafa haug nær alfaravegi eða íbúðarhúsi en nemi 7 stikum, og ekki nær vatnsbóli en 10 stikum. Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{2}$ stiku eða meira upp úr jörð, og skal hafa yfir hverri sterkan hlera, svo að öruggt sé, að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef íbúðarhús standa þétt saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og opin haugshús, en heimtað að forir séu gjörðar úr grjóti og steinlími, svo að þær séu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

18. gr.

Valdi peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þá viðkomanda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann leiti álits héraðslæknis og kveði því næst upp úrskurð svo fljótt sem verða má.

VIII. Um salerni.

19. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja sérstakt salerni, er sett sé á þeim stað, sem heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli. Gólf í salerni skal vera steinsteypt eða úr hefludum og plægðum gólfborðum, og liggja gólfid hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í því saurkagga vel vatnsheldan, er falli fast að set-

unni. Hafa má salerni innanhúss í sérstökum klefa, ef góður loftsúgur er í klef- **139**
 anum og saurilátin tæmd daglega. Ef vatnsheld for er hjá húsi, má hafa salerni **30. nóv.**
 yfir henni þannig, að saurindin fari jafnóðum í forina, en loftræsing skal þá vera
 góð í salerninu.

20 gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein, og saurilátin tæmd
 jafnskjótt og þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir hvar megi láta saur
 úr salernum.

21. gr.

Ef enginn salerni fylgja húsum þeim og bæjum, sem eldri eru en sam-
 þykkt þessi, eða þau eru illa gjörð og óþrifaleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað
 af húseigendum, að þeir gjöri salerni samkvæmt 19. gr.

Þeir sem halda daglaunafólk, skulu skyldir að hafa salerni svo mörg eða
 stór, sem heilbrigðisnefnd álitur nægja, og gilda hinar sömu reglur um frágang
 þeirra sem annara salerna.

IX. Um sorp og önnur óhreinindi.

22. gr.

Sorphauga og sorpgryfjur má eigi hafa nær íbúðarhúsum né vatnsbólum
 en nemi 10 stikum. Flytja skal burtu allt sorp, að minsta kosti tvisvar á ári,
 haust og vor.

23. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir, svo að fýlulykt eða daunilt rensli fer út á
 alfaraveg eða inn á eign þeirra, er næstir búa, getur heilbrigðisnefnd skipað þeim,
 er óþrifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin tafarlaust burtu.

X. Um slátrun.

24. gr.

Slátrun á sauðfé skal þannig fram fara, að eigi sjáist af almannafæri.

Ætíð skal hafa á blóðvelli sérstakt ílát fyrir sulli, og skulu þeir brendir
 eða grafnir í jörð.

XI. Um matvöru.

25. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með því, að ekki sé höfð á boðstólum
 matvara, er sé svikin, skemd eða skaðleg heilsu manna, og skal henni heimilt

139 að taka í búðum kaupmanna fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, er hún 30. nóv. telur líkur til að sé svikin, skemd eða skaðleg, og láta rannsaka hana á efna-rannsóknastofunni í Reykjavík, og skal kostnað þann greiða úr sveitarsjóði.

Nú þykir heilbrigðisnefnd og héraðslækni mikil líkindi til að matvaran sé óholl til manneðis, og má þá banna seljanda að láta hana fara, þar til er álit rannsóknarstofunnar í Reykjavík er kunnugt orðið, og sé það í þá átt, að varan sé skaðleg, má banna seljanda að selja hana til manneðis.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdaudum má eigi hafa til manneðis eða selja, nema héraðslæknir eða dýralæknir álitu það hættulaust.

XII. Um næma sjúkdóma.

26. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefndin aðstoða héraðslækninn við sóttvörnina.

Ef alvarlega næmur sjúkdómur kemur upp á svæði því, sem samþykktin nær yfir, er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við héraðslækni að setja um stund strangari fyriræli en í samþykkt þessari felast um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIII. Um sektir.

27. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefndin setur henni samkvæmt, þá varðar það sektum frá 5—200 króna, er renna í sveitarsjóð. Kjósi heilbrigðisnefnd heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess er verkið átti að vinna, Þá er henni það heimilt, og skal greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er, ef þarf.

28. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. jan. 1911.

Þetta er hérmeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 30. nóv. 1910.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.